

Athugasemdir vegna tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

*Virkir notendur.*

Veruleg þörf er á að bæta þjónustu við langveika, til þess að ná að uppfylla Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem að Ísland hefur samþykkt.

Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Í þeim hluta samningsins er lítur að heilsu fatlaðra, kemur m.a. fram að aðildarríkin skuli bjóða fram þá heilbrigðisþjónustu sem fatlað fólk þarfnast, einkum vegna fötlunar sinnar, m.a. að fötlun sé uppgötvuð snemma og að gripið sé inn í málið snemma, eftir því sem við á, og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og framast er kostur og koma í veg fyrir frekari fötlun, m.a. meðal barna og eldri einstaklinga.

Það er ljóst að samningurinn kveður á um að langveikir sjúklingar eigi rétt á snemmbærri greiningu, meðferð og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og framast er kostur og koma í veg fyrir frekari fötlun.

Mikilvægt er að fundnar verði leiðir til að uppfylla þessi ákvæði sáttmálans. Koma þyrfti á fót sjálfstæðu embætti umboðsmanns sjúklinga, sem að sjúklingar geta leitað til, verði þeir fyrir því að njóta ekki þeirra réttinda er Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um. Sjúklingar ættu þar kost á að fá óháð mat á sínum greiningum og meðferðum, einnig gætu þeir komið þar á framfæri rannsóknum frá viðurkenndum vísindamönnum, um greiningu og meðferðir sem gætu orðið til að draga úr fötlun og koma í veg fyrir frekari fötlun sjúklingsins.

Virðingarfyllst,

Stjórn ME félags Íslands.